



STRANDABYGGÐ

Endurskoðun aðalskipulags 2021-2033

SKIPULAGSLÝSING

Desember 2021

STRANDABYGGÐ

Endurskoðun aðalskipulags 2021-2033

SKIPULAGSLÝSING



EFNISYFIRLIT

.....	5	3.	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	17	3.10.	Aðrar áætlanir stjórnvalda	24
1.	INNGANGUR.....	3.1.	Svæðisskipulag	17	3.11.	Kerfisáætlun	24
1.1.	Aðalskipulag.....	3.2.	Landsskipulagsstefna.....	18	3.12.	Heimsmarkmið Sameinuðu- þjóðanna	24
1.2.	Áherslur	3.3.	Náttúruverndaráætlun	19	4.	MATSLÝSING	25
1.3.	Greining á stefnumótun.....	3.4.	Rammaáætlun	20	4.1.	Helstu áhrifaþættir.....	25
1.4.	Viðfangsefni	3.5.	Svæði á náttúruminjaskrá	20	4.2.	Umhverfisþættir og áherslur.....	27
1.5.	Umhverfismat	3.6.	Samgönguáætlun.....	21	4.3.	Umhverfisviðmið	29
1.6.	Umsjón.....	3.7.	Skipulag haf- og strandsvæða	22	4.4.	Valkostir og mat á áhrifum.....	35
2.	FORSENDUR	3.8.	Fjarskiptaáætlun.....	22	5.	SKIPULAGSFERLIÐ	37
2.1.	Skipulagssvæðið.....	3.9.	Aðrar stefnur og samþykktir á sveitarfélags- og svæðisvísu	22	5.1.	Tímaáætlun	37
2.2.	Staðhættir	3.9.1.	Sterkar strandir	22	5.2.	Samráð og kynning.....	40
2.3.	Veður	3.9.2.	Áfangastaðaáætlun vestfjarða 22		6.	HEIMILDASKRÁ	41
2.4.	Samfélag	3.9.3.	Sóknaráætlun vestfjarða	23			
2.4.1.	ÍBÚAFJÖLDI	3.9.4.	Á krossgötum. Sviðsmyndir um mögulega þróun atvinnu- og mannlífs á Vestfirðum árið 2035.....	23			
2.4.2.	ATVINNA.....	3.9.5.	Umhverfisavottaðir Vestfirðir Earth check	23			
2.4.3.	HÚSNÆDISPRÓUN	3.9.6.	Samfélagssáttmáli um fiskeldi. 23				
2.5.	Ferðaþjónusta.....						
2.6.	Menningarminjar						
2.6.1.	Friðlýstar menningarminjar.						
2.7.	Samgöngur.....						

Hvað er skipulagslýsing og hvaða erindi á hún við mig?

Í skipulagslýsingu gerir skipulagsnefnd sveitarfélags grein fyrir tildrögum skipulagsvinnunnar sem fyrirhuguð er og ernig staðið verður að henni. Eftir að lýsingin hefur verið samþykkt í sveitarstjórn er hún kynnt opinberlega og send Skipulagsstofnun til umsagnar.

Tilgangur skipulagslýsingar er að veita upplýsingar um þá vinnu sem fram undan er. Þá er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefið tækifæri til að fylgjast með vinnunni frá upphafi og koma á framfæri athugasemdum og ábendingum um nálgun við áætlunargerðina, viðfangsefni hennar og helstu forsendur frá fyrstu stikum skipulagsferlisins.

Ábendingar og athugasemdir sem berast við skipulagslýsinguna verða nýttar til að skilgreina verkefnið og ferli þess nánar og við greiningu og stefnumótun á síðari stikum vinnunnar.

1. INNGANGUR

Hér er lögð fram skipulags- og matslýsing fyrir endurskoðun Aðalskipulags Strandabyggðar 2021-2033.

Skipulagslýsing er Verkáætlun um mótun tillögu að endurskoðun á gildandi aðalskipulagi þar sem tildrögum og forsendum skipulagsgerðarinnar er lýst og áherslur sveitarstjórnar lagðar fram ásamt tímaáætlun skipulagsferlisins. Með þessari lýsingu er verkefnið kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum til að greiða fyrir og hvetja til þátttöku þeirra í mótun endurskoðaðrar aðalskipulagsáætlunar og gefa þeim færi á að koma athugasemdum sínum og hugmyndum á framfæri á upphafsstigum verkefnisins.

Tilgangur lýsingar er að:

- Tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila frá fyrstu stikum skipulagsvinnunnar.
- Stuðla að gagnsæi í öllu ferlinu og bæta upplýsingastreymi til íbúa og hagsmunaaðila.
- Gera skipulagsvinnuna markvissari og fá fram sjónarmið sem flestra samfélagshópa.
- Sveitarstjórn og aðrir sem koma að skipulagsgerðinni hafi góða yfirsýn.
- Stuðla að auknum gæðum við gerð skipulags og umhverfismat þess.

1.1. Aðalskipulag

Um vorið 2020 samþykkti sveitarstjórn Strandabyggðar að hefja vinnu við heildarendurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Gildandi aðalskipulag var samþykkt árið 2011 og gildir til ársins 2022. Það er því vel tímabært að hefja endurskoðun. Síðan að gildandi skipulag var samþykkt hafa ýmsar forsendur tekið breytingum s.s. atvinnulíf og fólksfjöldi og ýmis ný tækifæri litið dagsinns ljós, sér í lagi innan ferðamálageirans. Ný skipulagslög hafa tekið gildi síðan að gildandi skipulag var staðfest og Alþingi hefur samþykkt Landsskipulagsstefnu. Að auki var Svæðisskipulag fyrir Strandabyggð, Dalabyggð og Reykhólahrepp samþykkt árið 2018.

Í aðalskipulagi ber sveitarfélögum að setja fram stefnu og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar, um landnotkun, byggðaþróun og -mynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og atvinnu- og umhverfismál. Lýsa skal forsendum þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið og hvernig fyrirhugað er að ná þeim markmiðum sem sett eru í áætluninni.

Aðalskipulagi er ætlað að leiða samfélög í átt að sjálfbærri nýtingu lands og stuðla að sveigjanlegu og öruggu umhverfi fyrir íbúa og atvinnulíf. Aðalskipulag á að vera virkt stjórnþæki sem nýtist við ákvarðanatöku og við gerð áætlana sem fjalla um ráðstöfun lands. Markmiðið er að aðalskipulagið myndi gagnsæja umgjörð um sveitarfélagið og verði hagnýtt verkfæri við uppbyggingu og eflingu mannlífs í Strandabyggð og traust umgjörð um atvinnulíf sem byggir á sjálfbærri nýtingu gæða og auðlinda svæðisins og stendur á sama tíma vörð um framtíð þeirra. Aðalskipulag skal haft til grundvallar við gerð annarra áætlana er snerta ráðstöfun lands á einn eða annan hátt og aðrar skipulagsáætlanir innan sveitarfélagsins skulu vera í samræmi við aðalskipulagið.

1.2. Áherslur

Í skipulagsvinnunni verður lögð áhersla á að móta skýra stefnu með aðkomu breiðs hóps, þ.e. íbúa og annarra hagsmunaaðila auk þeirra fulltrúa sem fara með skipulagsvaldið fyrir hönd sveitarfélagsins. Áhersla verður lögð á uppbyggingu innviða og fjölbreyttra atvinnuvega og að auka lífsgæði íbúa með sjálfbæra þróun og nýtingu lands að

Hvað er aðalskipulag?

Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem nær til alls lands sveitarfélags. Í aðalskipulagi er sett fram stefna og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar.

Sú stefna sem sett er fram í aðalskipulagi er útfærð nánar í deiliskipulagi fyrir einstök hverfi eða reiti.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á gerð aðalskipulags. Skipulagsnefnd sveitarfélags annast gerð aðalskipulags í umboði sveitarstjórnar. Í upphafi nýs kjörtímabils skal sveitarstjórn taka afstöðu til þess hvort endurskoða skuli gildandi aðalskipulag.

Aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og staðfest af Skipulagsstofnun.

leiðarljósi, án þess að skerða mikilvæg náttúru- og menningarverðmæti svæðisins. Megin styrkleikar sveitarfélagsins í atvinnumálum liggja í landbúnaði, sjávarnytjum og ferðaþjónustu. Leggja þarf áherslu á mótun og framtíðarsýn þessara

atvinnugrein auk þess að skapa grundvöll fyrir ný og fjölbreytt tækifæri til atvinnusköpunar jafnt innan þeirra sem og á öðrum sviðum.

Sett er fram framtíðarsýn sem lýsir þeim árangri sem sveitarfélagið vill ná á næstu 12 árum, og sett fram markmið sem höfð verða að leiðarljósi á skipulagstímabilinu. Framtíðarsýn og markmiðum er ætlað að vera innblástur í því starfi sem framundan er.

Í skipulagsvinnunni verður lögð áhersla á sjálfbærni í þróun og nýtingu lands. Markmiðið er að auka lífsgæði íbúa með því að búa í haginn fyrir öflugt atvinnulíf og gott og öruggt samfélag sem hvílir á traustum innviðum. Á sama tíma skal þess gætt að náttúru- og menningarverðmæti svæðisins bíði ekki skaða af. Aðalskipulagið byggir á styrkum stöðum stefnuskjala, laga og reglugerða sem í gildi eru. Nánari útfærsla á þeim er eitt af meginviðfangsefnum skipulagsvinnunnar.

1.3. Greining á stefnumótun

Markmiðið er að miða að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa

sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.

Við endurskoðun aðalskipulagsins verður lögð áhersla á eftirfarandi sérgreind markmið:

- Að efla Hólmavík sem þjónustumiðstöð alls sveitarfélagsins
- Að hlúa að fjölbreytni í atvinnulífinu. Að stuðla að **auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum** m.a. með nægu framboði lóða undir opinbera þjónustu, iðnað, ferðaþjónustu og aðra fjölbreytta atvinnustarfsemi, og traustum innviðum fyrir nýjar atvinnugreinar og þróun þeirra sem fyrir eru.
- Nýsköpun í landbúnaði, að þróa greinina og auka möguleika á fjölbreyttri ræktun, s.s. grænmetis- og skógrækt.
- Að treysta innviði. Efla innviði, s.s. fjarskiptatengingar, hitaveitu og raforkuöryggi, til að bæta afkomumöguleika, kjör og lífsgæði íbúa.
- Að auka lífsgæði íbúa

- Að Íbúðaframboð sé fjölbreytt og lóðaframboð nægilegt.

1.4. Viðfangsefni

Samráð við hagsmunaaðila í sveitarfélaginu frá upphafi skipulagsvinnunnar er mikilvægt.

Lögð verður sérstök áhersla á að endurskoða viðfangsefni innan sveitarfélagsins í eftirfarandi málaflokkum:

- Landbúnaður og landnýting
- Sjávarnytjar
- Ferðaþjónusta
- Samfélag og menning
- Innviðir og orka

Landbúnaður og landnýting

Undir þennan flokk fellur hefðbundinn landbúnaður en einnig verður lögð áhersla á hvernig tryggja megi afkomuöryggi bænda með aukinni fjölbreytni og nýsköpun í landbúnaði. Áhersla verður lögð á skógrækt og einnig möguleika á annars konar landbúnaði, svo sem grænmetisræktun.

Sjávarnytjar

Horft er til þess hvernig tryggja megi störf í sjávarútvegi í sveitarfélaginu og stuðla að nýsköpun í afurðavinnslu.

Ferðaþjónusta

Ferðaþjónusta hefur verið stækkandi atvinnuvegur víðsvegar á landinu undanfarin ár og miklir möguleikar felast í uppbyggingu þjónustu við ferðamenn. Mikilvægt er að móta skýra stefnu þegar kemur að þessum málaflokki í aðalskipulagi. Það lítur t.d. að framboði gistingar, afþreyingar og annarrar þjónustu fyrir ferðamenn.

Samfélag og menning

Fjallað er um hvernig byggja megi upp öflugt samfélag með fjölbreyttu þjónustuframboði fyrir íbúa á öllum aldri. Hvaða lífsgæði felast í búsetu í sveitarfélaginu og hvernig má efla þau og viðhalda sem best.

Innviðir og orka

Málaflokkurinn innviðir og orka tekur á samgöngum, veitukerfi og orkuframboði og -framleiðslu í sveitarfélaginu. Fjallað verður um vegamál, svo sem stofnvegi, tengivegi, gönguleiðir, hjólaleiðir, reiðleiðir, flugsamgöngur, þyrlulendingar o.fl.

Forgangsatriði er að bæta og viðhalda umferðaröryggi með viðhaldi og framkvæmdum og tryggja íbúum sveitarfélagsins öruggar samgöngur árið um kring.

Hitaveita.

Tryggja þarf framboð raforku á samkeppnishæfu verði fyrir íbúa og fyrirtæki sveitarfélagsins.

Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar eru hvattir til að koma með ábendingar og bera upp málefni sem á þeim brenna til umfjöllunar við skipulagsgerðina.



Framtíðarsýn

Er hnitmiðuð lýsing á því hvernig heimamenn sjá sveitarfélagið sitt fyrir sér við lok skipulagstímabilsins árið 2033. Dregin er upp mynd af þeim aðstæðum sem ætlunin er að skapa og því sem heimamenn vilja áorka. Sóknaráætlun er einn liður í því að skapa þessa framtíðarsýn.

1.5. Umhverfismat

Endurskoðun aðalskipulagsins er háð umhverfismati framkvæmda og áætlana skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Umhverfismati er ætlað að stuðla að sjálfbærni í skipulagi og verndun umhverfis í samræmi við lög. Þar skal meta áhrif tiltekinna markmiða sem sett eru fram í aðalskipulaginu. Metið er hvort þeir valkostir sem settir eru fram til að ná markmiðum áætlunarinnar muni hafa jákvæð, óveruleg eða neikvæð áhrif á tiltekna umhverfispætti. Stefnumörkun og val skipulagsleiða skal taka mið af

niðurstöðum umhverfismatsins. Nánar er fjallað um umhverfismatið í 5. kafla.

1.6. Umsjón

Sveitarstjórnir bera ábyrgð á gerð aðalskipulags sveitarfélaga. Umhverfis- og skipulagsnefnd Strandabyggðar fjallar um aðalskipulagsvinnuna í umboði sveitarstjórnar í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Samið var við Landmótun sf. um skipulagsráðgjöf við endurskoðunina. Landmótun mun starfa í samvinnu við umhverfis- og skipulagsnefnd Strandabyggðar ásamt skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins og halda utan um vinnuna við endurskoðun aðalskipulagsins. Sveitarstjórn og umhverfis- og skipulagsnefnd fjalla um málefni aðalskipulagsins eftir því sem tilefni er til og aðrar nefndir hreppsins munu vinna að öflun gagna og mótun stefnu og vera þannig virkir þátttakendur í skipulagsgerðinni. Aðkoma íbúa og hagsmunaaðila að skipulagsvinnunni er mikilvæg og rík áhersla er lögð á hana. Leitað verður áhlits sérfræðinga þegar þörf verður á faglegu mati eða öðrum



Mynd 1. Skipulagssvæði Strandabyggðar sérfræðiupplýsingum vegna skipulagsvinnunnar.

2. FORSENDUR

2.1. Skipulagssvæðið

Skipulagið tekur til alls lands sveitarfélagsins Strandabyggðar sem staðsett er á Ströndum á Vestfjörðum. Sveitarfélagið er stórt, eða 1906 km², og varð til árið 2006 þegar Broddaneshreppur og Hólmavíkurbhreppur voru sameinaðir. Fyrir það hafði Hólmavíkurbhreppur stækkað mikið er hann sameinaðist Nauteyrarhreppur við Ísafjarðardjúpi árið 1994 og síðan Kirkjubólshrepp árið 2002.

Hólmavík er eini þéttbýlisstaðurinn í Strandabyggð og er þar miðstöð opinberrar þjónustu í sveitarfélaginu. Saga þjónustu og verslunar í Hólmavík er löng og nær allt aftur til ársins 1895.¹

2.2. Staðhættir

Sveitarfélagið Strandabyggð teygir sig upp að miðjum Drangajökli og Kaldalóni í norðri og niður til Gafllfells og Rjúpnafells í suðri og frá

Skálmardalsheiði og Torfadali í vestri til Steingrímsfjarðar í austri. Fjarlægðin frá vestri til austurs er rétt tæpir 50 km þar sem hún er mest en tæplega 100 km fjarlægð er frá nyrsta odda sveitarfélagsins til þess syðsta. Hólmavík liggur við Steingrímsfjörð í austurhluta Strandabyggðar. Strandabyggð á land að Ísafjarðardjúpi í norð-vestri og Húnaflóa í suð-austri.

Árbók Ferðafélags Íslands árið 1952 fjallar um Strandasýslu og þar skrifar Jóhann Hjaltason um staðarhætti í sýslunni. Telur hann umskipti verða í sýslunni við Steingrímsfjörð bæði í landslagi og veðráttu og kallar Norðurstrandir norðan Steingrímsfjarðar og Innstrandir sunnan hans. Þessa skiptingu kveður hann ekki nútíma málvenju en komi fyrir í fornum ritum.

Gróðurfar í Strandabyggð er mjög mismunandi eftir svæðum en í heild má þó segja að Strandabyggð sé vel gróin utan fjalla og heiða.

Sveitarfélagið Strandabyggð er 1906 km² að flatarmáli.

Íbúar Strandabyggðar voru 435 talsins þann 1. Janúar 2021.

2.3. Veður

Veðurfar í Strandabyggð er mildara en búast má við miðað við hnattfræðilega legu² vegna greinar úr Golfstrauminum sem Vestfirðir eru baðaðir í. Jóhann Hjaltason lýsir veðráttunni í Strandabyggð í Ferðafélagsbókinni 1952 og skrifar að vetrarveðráttu telji hann svipaða í öllu héraðinu en fannalög séu vitanlega meiri inn til dala og í botnum fjarða. Meiri mun segir hann hins vegar á sumarveðráttunni, norðaustan þoka og súld séu algeng einkenni á sumarveðrinu á Norðurströndum en slíkt sé minna um á Innströndum. Sérstaklega eigi þetta við um sveitirnar kringum

¹ Byggðarstofnun, 2020

² Framkvæmdaráælan 2020-2025, 2020

Steingrímsfjörð þar sem þurrviðrasamasta svæði sýslunnar sé.

Þónokkrar veðurathugunarstöðvar eru í sveitarfélaginu sem notast má við þegar veðurfari í Strandabyggð er lýst.



2.4. Samfélag

2.4.1. ÍBÚAFJÖLDI


Gögn frá Hagstofu Íslands um íbúapróun í sveitarfélaginu Strandabyggð sýna að íbúum hefur fækkað síðastliðin 14 ár, eða frá því að sveitarfélagið var stofnað, um 10%, úr 507 árið 2007 í 457 árið 2020. Íbúum fjölgaði um tíma, á árunum 2009-2013 þegar íbúafjöldi var 518. Eftir það byrjaði að fækka á ný, þó með lítillegum sveiflum á milli ára. Íbúasamsetning hefur á sama tíma tekið ákveðnum breytingum en íbúum með erlent ríkisfang hefur fjölgað úr 1% í 7%. Um 72% íbúa sveitarfélagsins búa í þéttbýlinu á Hólmavík, sem er eini þéttbýlisstaðurinn í sveitarfélaginu.

Þegar horft er á fólksfjölda eftir aldri og kyni kemur í ljós að fjölmennasta aldursbilið er 56-60 ára hjá konum en 61-65 ára hjá körlum. Á svæðum þar sem fjölgun íbúa er nokkuð jöfn og 2 börn fæðast að meðaltali á

hverja konu má búast við að aldursdreifingarlínurit (sjá hér að neðan) líti út eins og pýramídi með lengstu greinarnar neðst sem síðan styttest eftir því sem ofar dregur. Hér eru nýrri greinarnar styttri en þær eldri: þ.e. yngri



aldurshópar eru minni.³ Þetta gefur vísbendingar um ákveðið ójafnvægi í íbúasamsetningu, en áberandi er hve aldurshóparnir frá 35-50 ára eru fámennir og fjölgað hefur í eldri aldurshópum, 55-70 ára. Þessi íbúasamsetning hefur áhrif á þjónustubörf í sveitarfélaginu og endurnýju fólksfjöldans.




2.4.2. ATVINNA

Helstu atvinnuvegir Strandabyggðar hafa verið verslun og þjónusta, sjávarútvegur og landbúnaður, þá sérstaklega sauðfjárbúskapur en Strandabyggð er mikið sauðfjárræktarhérað. Stærsti atvinnurekandinn í Strandabyggð er sveitarfélagið sjálft en stærsti vinnustaðurinn á Hólmavík er rækjuvinnslan.

Áherslur í atvinnulífi Strandabyggðar eru aukin nýsköpun og skapandi störf,


ferðapjónusta og rannsóknir, til viðbótar við áður nefndar grunnatvinnugreinar.

Þegar litið er til íbúapróunar s.l. 14 ára sést að einstaklingum á vinnualdri (18-67) hefur fjölgað innan sveitarfélagsins. Körlum á vinnualdri hefur fjölgað úr 56% í 59% eða um 3% á 10 árum og konum úr 61% í 65% eða um 4%. Fjölgun ferðamanna í sveitarfélaginu og þ.a.l. aukin atvinnutækifæri kann að skýra þessa fjölgun vinnandi fólks. Um 6% færri karlar eru á vinnualdri í Strandabyggð en almennt gerist á landinu. Hins vegar eru 2%



³ Vestfjarðarstofa, 2019

fleiri konur á vinnualdri í Strandabyggð en á landinu í heild. Eldra fólki hefur einnig fjölgað lítillega en börnum og ungmennum fækkað þó nokkuð. Þegar íbúardreifing Strandabyggðar árið 2021 er borin saman við landið allt sést að eldri borgarar, bæði konur og karlar, eru að meðaltali fleiri í sveitarfélaginu en á landsvísu og fólk á vinnualdri, börn og ungmenni eru færri.



2.4.3. HÚSNÆÐISPRÓUN

Þegar kemur að framtíðarbyggingarsvæði innan þéttbýlis Hólmavíkur er í raun aðeins eitt svæði sem kemur til greina, þ.e. Brandskjól. Svæðið er vel staðsett í byggðinni, miðsvæðis og í grennd við helstu þjónustu. Ípróttamiðstöð og sundlaug Hólmavíkur eru staðsettar suð-vestan við svæðið og grunnskólinn skammt norð-austan við það. Grafnar hafa verið nokkrar prufuholur á svæðinu og kom í ljós að fremur grunnt er niður á fast og svæðið er því nokkuð hentugt byggingarsvæði. Fyrirhugað er að framtíðarbyggð verði blanda einbýlis-, fjölbýlis-, par- og raðhúsa, en húsnæðisframboð á Hólmavík er mjög einsleitt, þar eru nánast eingöngu einbýlishús.

2.5. Ferðaþjónusta

Fjölgun ferðamanna á Íslandi var gríðarleg á tímabili. Á Vestfjörðum hefur ferðamönnum fjölgað umtalsvert en þó ekki í neinni líkingu við fjölgunina á suðvesturhorni landsins. Hægja hefur tekið á þessum vexti og greinin orðið fyrir miklu áfalli vegna heimsafaraldurs, en enn er þó gert ráð fyrir fjölgun ferðamanna á komandi árum og vexti í

greininni. Uppbygging ferðaþjónustu felur því í sér mikil tækifæri fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni til verðmætasköpunar. Ferðaþjónusta tengist beint og óbeint mörgum ólíkum greinum samfélags og atvinnulífs og er því mikilvægt að horfa til hennar í allri áætlanagerð og stefnumótun og samþætta við aðrar áætlanir. Öflug ferðaþjónusta leiðir af sér líflegra samfélag, eykur framboð þjónustu fyrir íbúa og skapar margvísleg verðmæti fyrir samfélagið auk atvinnu.

Eitt af aðdráttaröflum Strandabyggðar, annað en mikilfengleg náttúran, er Galdrasafnið á Hólmavík og Sauðfjársetrið á Ströndum. Undanfarin ár hefur áhugi skemmtiferðaskipa á að koma til Hólmavíkur aukist og þar liggja tækifæri til vaxtar og uppbyggingar.

Nýr Vestfjarðavegur mun að öllum líkindum leiða af sér að minni umferð verður um Strandabyggð og til Hólmavíkur. Það getur skapað ákveðnar áskoranir og kallar á nýjar nálganir í ferðaþjónustu og markaðssetningu sveitarfélagsins og Hólmavíkur sem áfangastaðar ferðamanna.

Hvað er sjálfbær þróun?

Sjálfbær þróun mætir þörfum samtímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum, og lágmarkar þannig neikvæð áhrif á umhverfið.

Sjálfbær þróun er lykilhugtak í allri umræðu samtímans um þróunar- og umhverfismál, og hlýtur sífellt meira vægi í allri samfélagsgerð.

Hugmyndin um sjálfbæra þróun byggir á þremur meginstoðum: samfélagi, umhverfi og efnahag. Þróun getur aðeins verið sjálfbær ef jafnvægi er á milli stoðanna þriggja. Hún getur þannig aðeins verið sjálfbær ef hún er til framdráttar á öllum þremur sviðum.

Í Áfangastaðaáætlun Vestfjarða (2020) kemur fram sameiginleg framtíðarsýn vestfirskrar ferðaþjónustu til ársins 2024 sem hljómar svona:

„Vestfirðir eru sjálfbær gæðaáfangastaður þar sem arðbær ferðaþjónusta er rekin í sátt við umhverfi og samfélag. Hringvegur 2 og kerfi göngu-, hjóla- og hlaupaleiða gefur gestum kost á að njóta sérkenna svæðisins,

ægifagurrar náttúru og heilstæðra þorpsmynda allt árið um kring“.

Meginmarkmið Áfangastaðaáætlunar Vestfjarða með sjálfbærni að leiðarljósi eru eftirfarandi:

- Uppbygging gæðaáfangastaða
- Öflugt samstarf hagaðila sem leggur grunn að gæða ferðapjónustu
- Samstaða um umhverfi og samfélag
- Bættar samgöngur
- Viðhald sérkenna svæðis og náttúru
- Heilsársferðapjónusta
- Þróun afþreyingar sem byggir á sérstöðu náttúrunnar
- Rannsóknir, þróun og nýsköpun

Eftirfarandi svæði innan Strandabyggðar eru á aðgerðaáætlun Áfangastaðaáætlunar Vestfjarða:

1. **Áningarstaðir í Strandabyggð - Uppbygging fleiri áningarstaða, hönnun og kortlagning.**
2. **Kaldalón – Uppbygging Kaldalóns sem áfangastaðar með tengingu við Drangajökul.**

Stefnan er að á Vestfjörðum verði ekki massa ferðapjónusta en megin áhersla á að byggja upp ferðapjónustu með áherslu á náttúru og menningu, fyrir gesti sem vilja dvelja lengur og kunna að meta gæði og vilja borga fyrir þau. Miðað við nýjustu markhópagreiningu Íslandsstofu er *Sjálfstæði landkönnuðurinn* sá markhópur sem talinn er henta vestfirskri ferðapjónustu.

2.6. Menningarminjar

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Í 29. gr. sömu laga kemur fram að öll hús og

mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð og skv. 3. gr laganna eru fornminjar hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands og eru sumar fornleifar jafnframt friðlýstar séstaklega og getur friðlýsingin þá náð til nánasta umhverfis minjastaðar, húss eða mannvirkis. Athygli er vakin á því að margar minjar nálgast nú 100 ára aldurinn og mun því minjum fjölga hratt á komandi árum miðað við núgildandi lög. Minjastofnun Íslands hefur yfirumsjón með skráningu fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja og setur reglur um lágmarkskröfur fyrir hvert skipulagsstig.

2.6.1. FRIÐLÝSTAR MENNINGARMINJAR

Í Strandabyggð eru 4 friðlýst hús og mannvirki en ekki hefur verið gerð skipulögð heildar fornleifaskráning í sveitarfélaginu. Friðlýstu menningarminjarnar er taldar upp í töflu 1.

Tafla 1 Friðlýst hús og mannvirki í Strandabyggð

Friðlýst hús eða mannvirki	Lýsing
Kollafjarðarneskirkja	Á Kollafjarðarnesi í Kollafirði. Byggð 1909.
Nauteyrarkirkja	Á Nauteyri við Langadalströnd. Byggð 1885-1886.
Staðarkirkja	Í Staðardal í Steingrímsfirði. Byggð 1855-1856.
Gamli Barnaskólinn á Hólmavík	Staðsettur á Kópnesbraut 4B, Hólmavík. Byggður 1913.

2.7. Samgöngur

Samgöngur eru mikilvægar fyrir atvinnu og búsetu í Strandabyggð og eru úrbætur í samgöngumálum á lista yfir úrlausnamál í Strandabyggð líkt og áður hefur verið. Illa hefur gengið um áraraðir að klára ýmis brýn mál hvað varðar samgöngur í sveitarfélaginu t.a.m. Innanstrandaveg allan, þá sérstaklega kaflann frá Heydalsá að Þorpum.

Stofnvegir eru grunnnet samgangna eins og skilgreint er í 8. gr. vegalaga. Í nýrri samgönguáætlun er stefnt að því að auka

lífsgæði um land allt með bættum samgöngum og styrkingu á þeim grunni sem nauðsynlegur er til að efla fjölbreytta atvinnu og bæta samkeppnishæfni. Uppbygging grunnnetsins, viðhald þess og rekstur á að vera forgangsmatið til að samgöngukerfið uppfylli þarfir fyrir alla flutninga á fólki og vörum.

Flokka skal vegi í náttúru Íslands skv. nýrri reglugerð nr. 260/2018 og lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Með vegaskránni verður til heildstæð skráning yfir vegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, með eða án takmarkana. Um er að ræða kortlagningu og ákvarðanatöku um hvaða leiðir er heimilt að aka, í sumum tilfellum með tilteknum takmörkunum. Vegaskráin verður grundvöllur fyrir útgáfu vegakorta, þar á meðal stafrænna korta fyrir GPS-tæki.

3. TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við vinnslu á endurskoðun aðalskipulags verður tekið mið af öðrum áætlanagerðum. Helst ber að nefna Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar, Landsskipulagsstefnu, Áfangastaðaáætlun Vestfjarða, Náttúruverndaráætlun, Samgönguáætlun, auk Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

3.1. Svæðisskipulag

Í gildi er Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030. Svæðisskipulaginu er ætlað að vera byggðaáætlun sveitarfélaganna sem skilgreinir sameiginlegar áherslur og verkefni um leið og það er skipulagsáætlun sem leggur línur fyrir aðalskipulags- og deiliskipulagsgerð hvers sveitarfélags. Skipulagið leggur áherslu á eftirfarandi flokka:

- Landbúnað
- Sjávarnytjar
- Ferðaþjónusta

Markmið svæðisskipulagsins í upptöldum áhersluflokkum skulu vera höfð til hliðsjónar

við endurskoðun aðalskipulags Strandabyggðar. Markmið þessi eru:

LANDBÚNAÐUR:

- Sauðfjárbúskapur verði áfram helsta aðalsmerki héraðsins og megingrein landbúnaðar á svæðinu.
- Staðinn verði vörður um þau náttúrugæði og auðlindir sem landbúnaðarframleiðslan byggir á og þær nýttar með sjálfbærum hætti.
- Innviðir svæðisins styrkist þannig að landbúnaður fái blómstrað sem kraftmikil atvinnugrein á svæðinu.
- Stuðlað verði að því að bændur búi við sömu félags- og efnahagslega stöðu og aðrir landsmenn.
- Svæðið verði þekkt fyrir hágæða, hreinar landbúnaðarvörur, afburða-handverk og þekkingu í greininni, sem byggir á gömlum merg.

- Vörurnar byggi á búskap þar sem vel er farið með land og skepnur.
- Við vöruþróun og markaðssetningu verði sótt í mannauð, auðlindir, landslag, sögu og menningararfleifð svæðisins. Saga og sérkenni

Hvað er svæðisskipulag?

Svæðisskipulag er landnotkunaráætlun fyrir allt land tveggja eða fleiri sveitarfélaga sem er unnin að þeirra frumkvæði eða Skipulagsstofnunar. Markmið hennar er að samræma stefnu sveitarstjórnanna um landnotkun og þróun byggðar fyrir a.m.k. 12 ára tímabil.

Með áætlun sem þessari er reynt að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu auðlinda svæðisins fyrir heildina. Svæðisskipulag er bæði stjórnæki og stefnuyfirlýsing sveitarstjórnanna í viðkomandi málaflokkum auk þess að stuðla að sameiginlegri framtíðarsýn allra, sveitarstjórnanna, íbúa og hagsmunaaðila.

hlunnindabúskapar verði sérstaklega dregin fram.

- Stuðlað verði að góðum menntunarmöguleikum á svæðinu og fjölgun sérfræðistarfa og starfa í skapandi greinum.
- Sterk tengsl verði á milli landbúnaðar, ferðapjónustu og menningarstarfsemi.

SJÁVARNYTJAR:

- Stuðlað verði að því að útgerð, fiskvinnsla og nýting sjávarafurða geti blómstrað.
- Tryggt verði að heilbrigði, líffræðileg fjölbreytni og framleiðslugeta haf- og strandsvæða viðhaldist.
- Framleiddar verði hágæða, hreinar vörur með sjálfbærri nýtingu auðlinda sjávar og grunnsævis svæðisins.

- Við vöruþróun og markaðssetningu verði sótt í mikla þekkingu heimamanna á nýtingu auðlinda úr sjó. Einnig verði landslag svæðisins, saga þess og menningararfleifð nýtt til innblásturs. Saga og sérkenni hlunnindabúskapar verði sérstaklega dregin fram við kynningu og markaðssetningu.

- Stuðlað verði að góðum menntunarmöguleikum á svæðinu og fjölgun sérfræðistarfa og starfa í skapandi greinum.

- Sterk tengsl verði á milli sjávarnytja, ferðapjónustu og menningarstarfsemi.

FERÐAÞJÓNUSTA:

- Ferðapjónusta eflist sem heilsársatvinnugrein og sem hliðargrein með öðrum greinum.
- Í boði verði margskonar möguleikar til að njóta einstaks landslags og

lífríkis svæðisins og komast í snertingu við mannlíf þess og sögu.

- Við vöruþróun og markaðssetningu verði sótt í þekkingu íbúa, auðlindir, landslag, sögu og menningu svæðisins. Saga og sérkenni hlunnindabúskapar verði sérstaklega dregin fram.

- Stuðlað verði að góðum menntunarmöguleikum á svæðinu og fjölgun sérfræðistarfa og starfa í skapandi greinum.

- Sterk tengsl verði á milli ferðapjónustu, landbúnaðar, sjávarnytja og menningarstarfsemi.

3.2. Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna 2015-2026 var samþykkt á Alþingi 16. mars 2016 og er unnin á grundvelli skipulagslaga nr.123/2010. Samkvæmt skipulagslögum skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá

samþykkt hennar. Meðal markmiða landsskipulagsstefnu er að skipulag byggðar og landnotkun stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs sbr. kafla 3.4. Öflugir innviðir þar sem segir að skipulagsgerð sveitarfélaga eigi að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum sbr. kafla 3.4. Í 2. kafla Landsskipulagsstefnu *skipulag í dreifbýli* er markmiðið að *skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag*. Þar er markmiðið sjálfbær byggð í dreifbýli, að skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun náttúru og menningarsögu, sjálfbær nýting landbúnaðarlands og ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi. Við skipulagsgerð sveitarfélaga skal leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Í landsskipulagsstefnu er einnig fjallað um

skipulag á haf- og strandsvæðum, þar sem lögð er áhersla á sjálfbæra nýtingu auðlinda, upplýsingaöflun um vernd og nýtingu og mörkun stefnu um skipulagsmál haf-og standsvæða í samræmi við nýja löggjöf þar um sem samþykkt var 26. júní 2018 (lög um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018). Í landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir flokkun landbúnaðarlands og að landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um landbúnaðarland. Samkvæmt landsskipulagsstefnu skal mörkuð stefna um yfirbragð byggðar og að landnotkun styðji við búsetu og samfélag en taki jafnframt tillit til verndarsvæða. Mið verður tekið af gildandi landsskipulagsstefnu við endurskoðun aðalskipulags Strandabyggðar og markmið landsskipulagsstefnunnar höfð að leiðarljósi. Þau eru eftirfarandi:

- Að skipulagsbreytingar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

3.3. Náttúruverndaráætlun

Ný lög um náttúruvernd nr. 60/2013 tóku gildi árið 2015. Samkvæmt 13. gr. laganna gefur ráðherra út náttúruminjaskrá og leggur fram á Alþingi eigi sjaldnar en á 5 ára fresti tillögu að þingsályktun um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Í nýju lögnum er gert ráð fyrir náttúruminjaskrá sem skiptist í 3 hluta: A- hluti er skrá yfir náttúruminjar og svæði sem hafa verið friðlýst eða friðuð. B- hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. C- hluti er skrá yfir náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Í nýju náttúruverndarlögnum voru einnig skilgreindir nýir flokkar friðlýstra svæða, þ.e. óbyggð víðerni og landslagsverndarsvæði.

Ráðherra ákveður friðlýsingu svæða og friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda og tekur jafnframt ákvörðun um breytingu og afnám friðlýsingar og friðunar. Í lögnum er lögð áhersla á að byggja upp skipulagt net verndarsvæða til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags. Ákvæði um efnistöku sem áður voru í náttúruverndarlögum hafa verið færð inn í skipulagslögin. Við endurskoðun aðalskipulagsins verður tekið mið af Náttúruminjaskrá.

3.4. Rammaáætlun

Rammaáætlun tekur fyrir vernd og nýtingu auðlinda landsins og landsvæða og er samheiti yfir ákveðin lög, ferli og aðferðafræði sem eru verkfæri til að greiða úr ágreiningi sem kann að rísa er varðar nýttjar landsins. Í drögum að flokkun virkjanakosta er einn virkjanakostur í biðflokki rammaáætlunar í Strandabyggð. Það er Skúfnavatnavirkjun.

3.5. Svæði á náttúruminjaskrá

Í Strandabyggð eru eftirtalin svæði á náttúruminjaskrá. Lýsingar á svæðunum eru teknar orðrétt úr texta Umhverfisstofnunar⁴

320. **Botn Ísafjarðar**, Súðavíkurbreppi (áður Reykjafjarðarhr.), N-Ísafjarðarsýslu. (1) Dalbotninn vestan hreppamarka upp að efstu klettabrúnum, frá Hestakleif suður á móts við Torfadal. (2) Sérstætt gróðurfar.

323. **Kaldalón**, Ísafjarðarkaupstað (áður Snæfjallahr.), Hólmavíkurbreppi (áður Nauteyrarhr.), Strandasýslu. (1) Undirlendi, fjörur og grunnsævi sunnan og austan Lónseyrar og Jökulholts. (2) Fjölbreytt og mikilfenglegt landslag. Ýmsar berggerðir, jökulgarðar, óshólmur, leirur og surtarbrandur. Fjölskrúðugur gróður og dýralíf.

324. **Snæfjallahreppur** hinn forni, Ísafjarðarkaupstað (áður Snæfjallahr.). (1) Snæfjallahreppur hinn forni, utan Hornstrandafriðlands og svæðis nr. 323, Kaldalóns. (2) Fjölbreytt og mikilfenglegt

landslag með hrikalegum fjöllum, ýmsum berggerðum, jökulgörðum og óshólmum. Fjölskrúðugur gróður og dýralíf.

328. **Húsavíkurkleif**, Kirkjubólshreppi, Strandasýslu. (1) Opna í millilagi í blágrýtismyndun rétt við þjóðveginn nærri bænum Húsavík. (2) Fundarstaður plöntusteingervinga frá tertíer. Afsteypur og för eftir trjáboli.

329. **Tröllatunga**, Kirkjubólshreppi, Strandasýslu. (1) Steingervingalög við Grýlufoss og í Hrafnsklettum í Tröllatungu við Steingrímsfjörð. (2) Setlög með steingerðum plöntum frá tertíer.

330. **Mókollsdalur**, Broddaneshreppi (áður Fellshr.), Strandasýslu. (1) Steingervingalög í Hrutagili í Mókollsdal, í landi Þrúðardals. (2) Setlög með steingerðum plöntum og skordýrum frá tertíer

342. **Strandlengjan frá Sýruvíkurgjá að Rauðuskriðu**, Broddaneshreppi, Strandasýslu. (1) Svæði frá sjó að klettabrún, strandlengja, fjara og grunnsævi frá

⁴ Umhverfisstofnun (n.d.)

Sýruvíkurgjá í landi Broddadalsár að Rauðuskriðu í landi Skriðnesennis. (2) Strandlengja með fallegum jarðmyndunum, mikið fuglalíf og selalátur.

Náttúrufræðistofnun Íslands birti árið 2018 lista yfir 112 svæði sem stofnunin lagði til að sett yrðu á náttúruminjaskrá (B-hluta), þrjú af þessum svæðum liggja að einhverju leyti innan Strandabyggðar, þau eru Drangajökull, Ísafjarðardjúp og Húnaflói. Drangajökull vegna jarðminja og Ísafjarðardjúp og Húnaflói vegna vistgerða, fugla og sela.

3.6. Samgönguáætlun

Þann 29. júní 2020 var Samgönguáætlun til fimmtán ára 2020-2034 og aðgerðaáætlun til fimm ára 2020-2024 samþykktar á Alþingi. Um er að ræða uppfærða og endurskoðaða samgönguáætlun á grunni þeirrar sem samþykkt var á Alþingi í febrúar 2019. Í gildandi aðgerðaáætlun 2020-2024 er ein framkvæmd fyrirhuguð í sveitarfélaginu á næstu árum eins og sést í töflum 2 og 3.


Tafla 2: Verk innan Strandabyggðar á dagskrá samgönguáætlunar til fimm ára (2020-2024).

Staðsetning	Lýsing
-------------	--------

Hólmavík	Endurbygging stálþils (50m, dýpi 6m).
-----------------	---------------------------------------

Eitt af markmiðum samgönguáætlunar er að bæta lífsgæði um land allt með bættum samgöngum og styrkara grunnneti samgangna. Þeir vegir sem liggja um Strandabyggð og teljast til grunnnets

Mynd 2 sýnir flokkun þjóðvega á Vestfjörðum.



samgangna eru Innanstrandavegur (nr. 68) og Djúpvegur (nr.61).

Tafla 3: Verk innan Strandabyggðar á dagskrá samgönguáætlunar til 15 ára (2020-2034).

Grunnet samgangna	Staðsetning
Innanstrandavegur	Við Heydalsá - Þorpar

Flokkun þjóðvega

3.11.2019

- Stofnvegur
- Stofnvegur um hálendi
- Tengivegur
- Landsvegur
- Héraðsvegur

3.7. Skipulag haf- og strandsvæða

Skipulagsgerð á haf- og strandsvæðum er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða almenna stefnu ríkisins um skipulagsmál á haf- og strandsvæðum sem sett er fram í landsskipulagsstefnu. Hins vegar er um að ræða svæðisbundið skipulag á tilteknum svæðum við strendur landsins. Í landsskipulagsstefnu er sett fram stefna um skipulag haf- og strandsvæða sem skal leggja til grundvallar við gerð strandsvæðis-skipulags.

Í kafla 4.1 í landsskipulagsstefnu kemur eftirfarandi fram:

Skipulag nýtingar á haf- og strandsvæðum grundvallist á heildarsýn á málefni hafsins þar sem viðhaldið verði heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins.

Skipulagsákvæðanir um staðbundna nýtingu á haf- og strandsvæðum byggist á vistkerfisnálgun og stuðli þannig að viðhaldi vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda

Gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum er í vinnslu.

3.8. Fjarskiptaáætlun

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra leggur fram á Alþingi, að minnsta kosti á þriggja ára fresti, tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun þar sem mörkuð er stefna til næstu fimmtán ára. Í fjarskiptaáætlun eru skilgreind markmið stjórnvalda sem stefna ber að og leggja þannig grunn að framþróun íslensks samfélags. Stuðla skal að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum. Í gildi er stefna í fjarskiptum 2019-2033 nr. 32/149 og fimm ára fjarskiptaáætlun 2019-2023 nr. 31/149. Í kafla 2.1.1. í gildandi stefnu er lögð áhersla á að aðgengi lögheimila og atvinnuhúsnaðis að ljósleiðara verði 99,9%. Ljósleiðari er kominn til nokkurra vinnustaða í Hólmavík en ekki er búið að tengja hann inn á heimili.

3.9. Aðrar stefnur og samþykktir á sveitarfélags- og svæðisvísu

3.9.1. STERKAR STRANDIR

Sterkar Strandir tilheyra röð verkefna á landsvísu undir stjórn Byggðastofnunar með heitinu Brothættar byggðir. Í júní 2020 var haldið íbúafundur þar sem íbúar voru kallaðir saman í tveggja daga vinnubúðir. Í kjölfarið var mótuð framtíðarsýn og markmið Sterkra Stranda og verða þau höfð til hliðsjónar við endurgerð Aðalskipulags Strandabyggðar:

- Sterkir innviðir og öflug þjónusta
- Stígandi í atvinnulífi
- Stolt og sjálfbært samfélag

Í markmiðunum felst sameiginleg sýn íbúa og annarra aðila sem að verkefninu standa um hvert skuli stefna. Tilgangur þeirra er að beina samfélaginu í átt að framtíðarsýninni í krafti starfsmarkmiða og aðgerða sem af þeim leiða.

3.9.2. ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN VESTFJARÐA

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða er heildstæð áætlun með útgangspunkt í ferðaþjónustu. Markmið hennar er að stuðla að ábyrgri og arðbærri ferðaþjónustu sem skilar sem mestum hagnaði til samfélaga, um leið og mögulegum neikvæðum áhrifum er haldið í lágmarki. Áætlunin horfir á ferðaþjónustu út

frá víðu sjónarhorni og tekið er tillit til margra ólíkra aðila sem eiga hagsmuna að gæta í þróun áfangastaða. Áætlunin tekur tillit til gesta, íbúa, fyrirtækja og umhverfis og reynir að skapa jafnvægi þar á milli. Hún gerir íbúum kleift að ákveða hvernig þeir vilja að ferðapjónusta þróist með tilliti til áhrifa á efnahag og samfélag þeirra og hvaða skref skuli taka í átt að því marki. Áfangastaðaáætlun Vestfjarða verður höfð til hliðsjónar við endurgerð aðalskipulags Strandabyggðar.

3.9.3. SÓKNARÁÆTLUN VESTFJARÐA

Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 er sértæk stefnumótandi byggðaáætlun fyrir Vestfirði sem felur í sér stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir. Í henni felst sýn íbúa svæðisins á þróun Vestfjarða næstu ár. Sóknaráætlun Vestfjarða verður höfð til hliðsjónar við endurgerð aðalskipulags Strandabyggðar.

3.9.4. Á KROSSGÖTUM. SVIÐSMYNDIR UM MÖGULEGA ÞRÓUN ATVINNU- OG MANNLÍFS Á VESTFJÖRÐUM ÁRIÐ 2035.

Tilgangur sviðsmyndagreiningar er að setja í samhengi orsakir og afleiðingar ákvarðana og aðgerða, greina helstu áhættuþætti sem geta staðið þróun svæðisins fyrir þrifum.

Rýnt er í tvo lykil drifkrafta til að meta hvernig atvinnu- og mannlíf á Vestfjörðum gæti þróast til ársins 2035. Annars vegar er aðkoma stjórnvalda skoðuð og hins vegar hvernig þekking á svæðinu þróast. Aðkoma stjórnvalda getur verið mikil eða lítil og þekkingarstig getur aukist eða minnkað. Aðkoma stjórnvalda getur hvatt til uppbyggingar eða dregið út þrótti heimamanna. Þekkingarstig innan fyrirtækja og stofnana hefur veruleg áhrif á hvort hægt sé að byggja upp nýskapandi og sjálfbært samfélag. Fjórar sviðsmyndir um hugsanlega stöðu atvinnu- og mannlífs á Vestfjörðum árið 2035 eru settar fram.

3.9.5. UMHVERFISAVOTTAÐIR VESTFIRÐIR EARTH CHECK

Vestfirðir hafa einsett sér að skara framúr í umhverfismálum og hafa ákveðið að vera stóriðjulaus landshluti. Hluti af því ferli var að fá umhverfisvottun á rekstur allra sveitarfélaganna á Vestfjörðum og árið 2016 fengu Vestfirðir silfurvottun vottunarsamtakanna EarthCheck. Sveitarfélögin hafa náð silfurvottun sjötta árið í röð, en til að fá gullvottun þurfa þau að hafa fengið vottun í 10 ár í röð. Í vottunarferlinu er gerð krafa um mælanlegar framfarir á ákveðnum sviðum, en skilgreind eru 12 lykilsvið sem krafa er gerð um að mældir séu. Fylgst er náið með ákveðnum, skilgreindum þáttum sem eru kallaðir sjálfbærnisár og eiga að stuðla að bættri frammistöðu og árlega eru upplýsingar um þætti sem snerta sjálfbæra þróun sveitarfélaganna á Vestfjörðum sendar til EarthCheck.

3.9.6. SAMFÉLAGSSÁTTMÁLI UM FISKELDI.

Sveitarfélögin Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð undirrituðu samfélagssáttmála um fiskeldi 15. júlí 2021 sem unnið var að í samstarfi við Vestfjarðastofu. Tilgangur

sáttmálans er að standa sameiginlega að hagsmunagæslu í fiskeldi og tengdum atvinnugreinum á Vestfjörðum með það að markmiði að efla atvinnu- og mannlíf með heildarhagsmuni Vestfjarða að leiðarljósi.

3.10. Aðrar áætlanir stjórnvalda

Aðrar stefnur og áætlanir stjórnvalda sem snerta á málefnum aðalskipulags Strandabyggðar verða hafðar verða til hliðsjónar við endurskoðun skipulagsins.

3.11. Kerfisáætlun

Áætlunin er unnin skv. raforkulögum nr. 65/2003 en Landsneti ber að sjá til þess að fyrir liggi áætlanir um uppbyggingu flutningskerfis raforku.

3.12. Heimsmarkmið Sameinuðu- þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin gilda á tímabilinu 2016-2030 og eru 17 talsins með 169 undirmarkmið. Þau taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Heimsmarkmiðin eru algild

og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að vinna skipulega að innleiðingu þeirra bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun skulu höfð að leiðarljósi í stefnumörkun í sveitarfélaginu, í samræmi við áherslur stjórnvalda sem hafa samþykkt innleiðingu markmiðanna á Íslandi. Með markmiðunum er leitast við að tryggja öllum mannréttindi og ná fram kynjajafnrétti og efla vald kvenna og stúlkna. Markmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli hinna þriggja stoða sjálfbærrar þróunar, þ.e. hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu stoðar. Ríkisstjórn Íslands hefur forgangsraðað 65 undirmarkmiðum við innleiðingu heimsmarkmiðanna á Íslandi, en forgangsröðunin tekur mið af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Forgangsmarkmiðin endurspeglar áherslur stjórnvalda við innleiðingu markmiðanna næstu árin. Þau útiloka þó ekki að unnið verði að innleiðingu annarra markmiða

4. MATSLÝSING

Endurskoðun aðalskipulags fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 (UMFÁ) þar sem áætlunin markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í viðauka laganna.

Umhverfismati er ætlað að stuðla að verndun umhverfis og sjálfbærri þróun í samræmi við fyrirnefnd lög og áhrif tiltekinnar markmiða sem sett eru fram í aðalskipulaginu skulu metin. Umhverfismati er ætlað að sjá til þess að umhverfisáhrif séu skoðuð við mótun tillögu og að haft sé að leiðarljósi frá upphafi að halda neikvæðum áhrifum í lágmarki og hámarka jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Metið er hvort þeir valkostir, sem settir eru fram til að ná markmiðum áætlunarinnar,

muni hafa jákvæð, óveruleg eða neikvæð áhrif á tiltekna umhverfisþætti. Í umhverfisskýrslu verður gerð grein fyrir þessu mati og er skýrslan lögð fram með aðalskipulagstillögunni, á formlegum kynningartíma hennar. Samráð skal haft við Skipulagsstofnun við ákvörðun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu.

Helstu breytingar í stefnu gildandi skipulags verða teknar til umhverfismats. Með nýjum skipulagslögum og -reglugerð er kveðið á um ítarlegri stefnumótun en áður. Því getur verið um stefnubreytingu að ræða eða einungis breytingu til samræmis við ný lög og reglugerðir. Því eru þau markmið sem víkja verulega frá gildandi skipulagi dregin fram og sýnt hvernig ólíkir valkostir snerta umhverfisþættina sbr. lög um umhverfismat áætlana. Við gerð umhverfismats verða ákveðin viðmið notuð og stuðst við stefnu

sem sveitarstjórn hefur samþykkt ásamt stefnu og áætlunum á landsvísu sem varða viðfangsefni aðalskipulagsins. Stefnumörkun og val skipulagsleiða skulu taka mið af niðurstöðum þessa umhverfismats.

4.1. Helstu áhrifaþættir

Áætlanir um ný mannvirki, samgöngur og aukna skógrækt í sveitarfélaginu eru þeir þættir skipulagsvinnunnar sem líklegastir eru til að hafa í för með sér áhrif á umhverfið. Ráðast þarf í flokkun landbúnaðarlands til að uppfylla núgildandi kröfur til aðalskipulags skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Forðast skal að nota gott landbúnaðarland undir skógrækt.

Fjallað eru nánar um þessa matsþætti í töflu 4.

Tafla 4. Lýsing matspátta.

Matspáttur	Lýsing
Atvinna	<p>Sköpun nýrra og fjölbreyttra atvinnutækifæra, aukin áhersla á nýsköpun og skapandi greinar til viðbótar við vöxt og viðhald hinna hefðbundnari atvinnuvega í sveitarfélaginu.</p> <p>Framtíð og fyrirkomulag ferðapjónustu, gisti- og afþreyingarmöguleikar í sveitarfélaginu.</p> <p>Tækni og nýjar lausnir í atvinnumálum, t.a.m. fjarvinna og færanleg störf.</p> <p>Getur haft áhrif á samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru og menningarminjar.</p>
Byggð	<p>Áhersla á þróun þéttbýlisins í Hólmavík og frekari uppbyggingu Hólmavíkur sem þjónustukjarna. Tryggja þarf fullnægjandi framboð fjölbreyttra íbúðargerða, atvinnuhúsnæðis og byggingarlóða.</p> <p>Möguleg áhrif byggðapróunar í sveitarfélaginu, s.s með tilliti til tengsla við önnur svæði, atvinnu, samgöngu- og þjónustukerfi.</p> <p>Skipulagspáttur getur haft áhrif á samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru og menningarminjar og vötn. Áhrif á samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru og menningarminjar og vötn geta einnig verið til staðar, svo sem vegna staðsetningar, umfangs og gerðar nýrra mannvirkja</p>
Samgöngur	<p>Ný samgöngumannvirki og viðhald núverandi mannvirkja.</p> <p>Möguleg áhrif á öryggi vegfarenda og íbúa, lýðheilsu, byggðapróun og atvinnutækifæri á svæðinu (samfélag). Skipulag samgangna getur einnig haft áhrif á landslag og ásýnd, hljóðvist, loftgæði (losun gróðurhúsalofttegunda), náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar og vötn.</p>

Umhverfi og náttúra	Flokkun landbúnaðarlands og skipulag skógræktar í sveitarfélaginu, staðsetning og umfang. Getur haft áhrif á landnotkun, ásýnd lands og landslag, jarðveg, lífríki og lífræðilega fjölbreytni, loftgæði (bindingu kolefnis).

4.2. Umhverfispættir og áherslur

Meginþættir í umhverfismati skipulagsáætlunarinnar verða Samfélag, náttúrufar & dýralíf, náttúru- & menningarminjar, vatn, sjór & strandlína, landslag & ásýnd og Náttúruvá & öryggismál.

Tafla 5. Áherslur í umhverfismati skipulagsáætlunarinnar.

Áhrifabáttur	Megin spurning í umhverfismati áætlunarinnar: Hvernig samræmist skipulagsáætlunin umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins er varðar viðkomandi umhverfisþátt, önnur stefnuskjöl, lög og alþjóðlegar skuldbindingar?
Samfélag	Allir skipulagsþættir sem taldir eru upp í töflu 4 geta haft áhrif á samfélag. Megináhersla matsins er hvort stefnumörkun skipulagsáætlunarinnar hefur áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> • Gæði þjónustu við íbúa? • Atvinnumöguleika íbúa? • Íbúafjölda og/eða íbúasamsetningu? • Gæði byggðar og efnisleg verðmæti? • Aðgengi íbúa að íþrótt-, tómstunda- og útivistarsvæðum og náttúru?

<p>Náttúrufar & dýralíf</p>	<p>Hefur stefnumörkun skipulagsáætlunarinnar áhrif á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Viðkvæma náttúru eða dýralíf? • Svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika? • Svæði sem teljast mikilvæg vistsvæði fugla? • Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra/gróðurs? • Aukna mengun á svæðinu?
<p>Náttúru- & menningarminjar</p>	<p>Hefur stefnumörkun skipulagsáætlunarinnar áhrif á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fornleifar • Aðrar menningarminjar/-verðmæti • Búsetu- eða menningarlandslag • Friðlýst svæði eða önnur verndarsvæði samkvæmt lögum um náttúruvernd • Svæði á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun • Hverfisverndarsvæði
<p>Vatn, sjór & strandlína</p>	<p>Hefur stefnumörkun skipulagsáætlunarinnar áhrif á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Vatnsverndarsvæði • Vötn, ár og læki • Votlendissvæði, strandsvæði eða grunnsævi
<p>Landslag & ásýnd</p>	<p>Hefur stefnumörkun skipulagsáætlunarinnar áhrif á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Ásýnd lands á fjölförnum slóðum • Landslag/ ásýnd svæða sem teljast mikilvæg vegna náttúrufars, dýralífs eða menningarminja • Verðmætar landslagsheildir

Náttúruvá & Öryggismál	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða, skógræktar og fyrirkomulag samgöngukerfa áhrif á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Núverandi byggingarsvæði • Ný byggingarsvæði • Megin samgönguæðar • Umferðaröryggi
---------------------------------------	---

Í umhverfismati áætlunarinnar verða sett viðmið fyrir hvern meginumhverfisþátt. Viðmiðin verða sett með tilliti til stefnu Strandabyggðar, markmiða sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum og viðmiða í öðrum opinberum stefnuskjölum, lögum og alþjóðlegum skuldbindingum. Áhersla verður

lögð á að styðja við matið með mælanlegum umhverfisvísnum þar sem kostur er. Framsetning á niðurstöðu matsins verður í formi greinargerðar og yfirlitstafla.

Skoðað verður hvort sú stefna sem sett er fram hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á

umhverfisþætti samanborið við núverandi ástand, þ.e. núllkost. Teljist umhverfisáhrif verulega neikvæð verður brugðist við með breytingu á stefnu eða mótvægisáðgerðum. Matsvinnan mun nýtast til þess að skilgreina mögulegar vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um hugsanleg umhverfisáhrif.

4.3. Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem stefna aðalskipulagsins hefur í för með sér. Umhverfisviðmið geta verið af ýmsum toga s.s. lög og stefnumið stjórnvalda. Höfð verður hliðsjón af viðmiðum og umhverfisverndarmarkmiðum sem sett eru fram í töflu 6. Matsvinnunni er ætlað að styrkja umfjöllun um forsendur og tryggja rökstuðning fyrir þeirri stefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu.

Tafla 6. Matsþættir í umhverfismati.

Stefnumörkun	Lýsing
Lög	
Skipulagslög nr. 123/2010	1. kafli, 1. Gr. B-liður. Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru- og menningarverðmæta og að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Nr. 111/2021.	<p>Markmið laganna er:</p> <p>a. sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif,</p> <p>b. skilvirkni við umhverfismat framkvæmda og áætlana,</p> <p>c. að almenningur hafi aðkomu að umhverfismati framkvæmda og áætlana og samvinna aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna umhverfismats framkvæmda og áætlana.</p>
Lög um menningarminjar nr. 80/2012	<p>Markmið laganna er að tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Þá kveða lögin á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 3. Gr. Laganna. Þar segir einnig að til fornleifa teljist „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða manna verk eru á. Í 30. Gr. Laganna segir að eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álags Minjastofnunar Íslands. Í 31. Gr. Segir að óheimilt sé að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar.</p>
Lög um náttúruvernd nr. 60/2013	<p>Markmið laganna er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum. Í lögnum eru sett fram verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir, jarðminjar,</p>

	vatnasvæði, landslag og víðerni. Lögin miða jafnframt að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða. Samkvæmt 69. Gr. Eiga mannvirki að falla sem best að svipmóti lands. Meðal þeirra jarðmyndana og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. Gr. Laganna eru stöðuvötn og tjarnir, mýrar og flóar, fossar svo og hrúður og hrúðurbreiður, sjávarfitjar og leirur og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Samkvæmt 62. Gr. Skal við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.
Jarðalög nr. 81/2004	Markmið skv. 1. Gr. er að setja reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það og stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölbætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.
Vegalög nr. 80/2007.	Markmið laganna er að setja reglur um vegi og veghald sem stuðla að greiðum og öruggum samgöngum. Skv. 6. gr skal vegakerfi landsins skiptist í þjóðvegi, sveitarfélagsvegi, almenna stíga og einkavegi. Þjóðvegir og sveitarfélagsvegir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins.
Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.	Markmið laganna er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra, að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni, ræktun nýrra skóga til að byggja upp fjölbreytta skógarauðlind til sjálfbærra nytja, að nýting skóga sé sjálfbær þannig að skógarnytjar skili sem mestum hagrænum, félagslegum og umhverfislegum ávinningi fyrir samfélagið, að skógrækt verði í samræmi við skipulagsáætlanir og náttúruvernd, að auðvelda aðgengi fólks að skógum til útivistar og auka þekkingu fólks á málefnum skóga og skógræktar, að stuðla að kolefnisbindingu með ræktun skóga og aðlögun þeirra að loftslagsbreytingum, að skógrækt stuðli að verndun jarðvegs og dragi úr hugsanlegu tjóni vegna náttúruvár.
Reglugerðir	Lýsing
Skipulagsreglugerð nr. 90/2013	Gr. 1. Þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi. Stuðla skal að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
Reglugerð um	Gr. 1. Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir mengun grunnvatns af mannavöldum. Einnig er það markmið að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á grunnvatni.

varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999	
Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001	Gr. 2. Markmiðið er að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint.

Önnur stefnumörkun		Lýsing
Byggðastefna	Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar	Ísland verði í fararbroddi í umhverfismálum á heimsvísu og öðrum þjóðum fyrirmynd á sviði umhverfisverndar. Ísland hefur sérstöðu í umhverfismálum í krafti ósnortinnar náttúru og sjálfbærrar nýtingar endurnýjanlegra auðlinda. Lögð er áhersla á að náttúruvernd og náttúrunýting fari saman.
	Sóknaráætlun Vestfjarða	Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 er stefnumótandi sértæk byggðaáætlun fyrir Vestfirði, unnin í víðtæku samráði við íbúa. Áætlunin felur í sér stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir og í henni felst sýn íbúa svæðisins á það hvernig Vestfirðir eigi að þróast næstu ár. Í áætluninni er lögð áhersla lögð á að mæta þeim áskorunum sem snúa að byggðapróun og atvinnulífi í fjórðungnum, bregðast við einsleitni atvinnulífi og auka jafnrétti íbúa með fjárfestingu í nýjum verkefnum.

	Þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018-2024	<p>Markmið stjórnvalda með byggðaaætlun eru að:</p> <ol style="list-style-type: none"> jafna aðgengi að þjónustu, jafna tækifæri til atvinnu, stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land. <p>Framtíðarsýn og viðfangsefni:</p> <p>Ísland verði í fararbroddi með nútímainnviði, framsækna þjónustu, verðmætasköpun, jöfn lífsgæði og öflug sveitarfélög sem geti annast staðbundin verkefni og veitt íbúum hagkvæma og góða þjónustu með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi. Í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum óháð efnahag og búsetu. Byggðamál verði samþætt við aðra málaflokka eftir því sem við á. Helstu viðfangsefni byggðaaætlunar verði að takast á við fækkun íbúa á einstökum svæðum, einhæft atvinnulíf, tæknibreytingar og þróun og aðlögun er varðar einstakar atvinnugreinar, að skilgreina nauðsynlegar mótvægisáðgerðir og aðlögun vegna áhrifa loftslagsbreytinga, að tryggja greiðar samgöngur og aðgengi að þjónustu og bregðast við harðnandi alþjóðlegri samkeppni um fólk og fyrirtæki. Lögð verði sérstök áhersla á svæði sem standa höllum fæti í þessu samhengi.</p>
Ferðamennska	Á Krossötum-Sviðsmyndagreining fyrir Vestfirði	Sviðsmyndir um mögulega þróun atvinnu og mannlífs á Vestfjörðum árið 2035
	Vegvísir í ferðaþjónustu	Áfangastaðir ferðamanna verði skilgreindir í aðalskipulagi. Á áfangastöðum verði hugað að náttúru- og minjavernd, sjálfbærni áfangastaða, þjónustu, landvörslu, viðhaldi og uppbyggingu sem fellur vel að landslagi. Umferð ferðamanna verði stýrt ef þörf krefur, m.a. til að létta álagi af svæðum, þannig að herra hlutfall gistinátta erlendra ferðamanna, á hótélum og gistiheimilum á landsbyggðinni, verði utan háannatíma. Góðar og öruggar samgöngur eru forsenda þess að ferðamenn dreifist sem víðast um landið. Bæta þarf uppbyggingu og viðhald heilsársvega og æskilegt er að skilgreina ferðamannaleiðir.
	Ferðamálaáætlun 2011-2020	<p>Meginmarkmið í ferðamálum á tímabilinu 2011-2020 eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> - að auka arðsemi atvinnugreinarinnar - að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vöruþróun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið um land allt, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um

		landið - að auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðapjónustunnar - að skilgreina og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna, m.a. með öflugum greiningar- og rannsóknarstarfi
Loftslagsmál	Heimsmarkmiðin -Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun skulu höfð að leiðarljósi í stefnumörkun í sveitarfélaginu, í samræmi við áherslur stjórnvalda sem hafa samþykkt innleiðingu markmiðanna á Íslandi. Með markmiðunum er leitast við að tryggja öllum mannréttindi og ná fram kynjajafnrétti og efla vald kvenna og stúlkna. Markmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli hinna þriggja stoða sjálfbærrar þróunar, þ.e. hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu stoðar. Sveitarfélagið skal taka ákvörðun um hvernig innleiðing markmiðanna í stefnu sveitarfélagsins verður háttað og hvort forgangsraða eigi ákveðnum markmiðum í sveitarfélaginu.
	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030	Meginmarkmið aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum með það fyrir augum að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart Parísarsamningnum til ársins 2030.
	Hreint loft til framtíðar. Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029.	Meginmarkmið umhverfis- og auðlindaráðuneytis í loftgæðamálum er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi. Mikilvægt er að koma í veg fyrir aukna loftmengun þrátt fyrir að áhrif hennar séu mögulega lítil hér á landi samanborið við önnur Evrópulönd. Einnig er mikilvægt að almenningur á Íslandi hafi góðan aðgang að upplýsingum um loftgæði. Loks er mikilvægt að ábyrgðarskipting stjórnvalda í málefnum tengdum loftgæðum sé skýr og að stjórnsýslan sé skilvirk. Undirmerkmál áætlunar um loftgæði á Íslandi til 12 ára (2018-2029) eru eftirfarandi: 1. Fækka árlegum ótímabærum dauðsföllum af völdum loftmengunar á Íslandi úr 80 (árið 2013) í færri en fimm fyrir 2029 2. Fækka árlegum fjölda daga þar sem svifryk fer yfir skilgreind heilsufarsmörk af völdum umferðar úr 7-20 skiptum niður í núll skipti fyrir árslok 2029 3. Ársmeðaltal brennisteinsvetnis (H ₂ S) verði áfram undir skilgreindum mörkum
	Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024	Fram kemur í stefnunni að eðlilegt sé að líta á stefnu Íslands um sjálfbæra þróun, <i>Velferð til framtíðar</i> , sem grunninn að stefnumótun Íslands í umhverfismálum og þar með úrgangsmálum.
Menningarstefna í mannvirkjagerð, 2007		Stefnu íslenskra stjórnvalda um byggingarlist og hönnun opinberra mannvirkja er ætlað að standa vörð um menningararf í manngerðu umhverfi. Markmið stjórnvalda með stefnumörkun á sviði mannvirkjagerðar er að sýna

	fordæmi og vera fyrirmynd í að tryggja gæði og vandvirkni ásamt því að stuðla að uppfræðslu og vitundarvakningu um þau verðmæti sem liggja í góðri byggingarlist. Stjórnvöld bera mikla ábyrgð á manngerðu umhverfi, bæði með setningu laga og reglna og við ákvarðanir um skipulag byggðar og uppbyggingu hennar.
Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Ísafjarðardjúps og Jökulfjarða*.	*Áætlun í vinnslu?
Samningar	Lýsing
Ramsarsamningur um votlendi	Samningurinn gerir ráð fyrir verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.
Samningur um líffræðilega fjölbreytni	Samningurinn hefur það þríþætta markmið að vernda líffræðilega fjölbreytni, að tryggja að nýting lífrænna auðlinda sé sjálfbær og að arðinum af nýtingu þeirra sé skipt með réttlátum hætti.
Rammasamningur SP um loftslagsbreytingar	Að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum, og tryggja þannig að matvælaframleiðslu í heiminum verði ekki stefnt í hættu og að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbæran máta.
Parísarsamkomulagið	Parísarsamkomulagið skyldar þær 195 þjóðir sem skrifuðu undir til að vinna saman að því að halda hnattrænni hlýnun af mannavöldum innan 2°C marksins, með aukamarkmið að reyna að stefna að því að halda því innan 1,5°C. Það hefur í för með sér að stöðva aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda eins fljótt og hægt er og ná jafnvægi á milli losunar og bindingar.
Bernarsamningurinn (staðfestur 1993)	Markmið samningsins er að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra.

4.4. Valkostir og mat á áhrifum

Í umhverfismatinu verða metin möguleg umhverfisáhrif valkosta og stefnumiða er snerta ný mannvirki, samgöngur og aukna skógrækt í sveitarfélaginu

Megin áherslur í greiningu á kostum og sviðsmyndum verður þó eftirfarandi:

Í matinu verða kostir bornir saman innbyrðis og við óbreytt ástand, þ.e. gildandi skipulag og þá sviðsmynd að ekkert verði aðhafst miðað við núverandi ástand. Kostir verða bornir saman m.t.t. umhverfis-, og samfélagsþátta með aðstoð gátlista og

samanburður á þeim settur fram í yfirlitstöflum.

Sveitarstjórn ásamt Umhverfis- og skipulagsnefnd Strandabyggðar mun leggja mat á umhverfisáhrif áætlunarinnar með aðstoð ráðgjafahóps um endurskoðun aðalskipulagsins. Umhverfismatið verður

byggt á þeim matsspurningum sem lagðar eru fram í töflu 5 um hvern umhverfispátt.

Eftirfarandi einkennum áhrifa verður lýst:

Umfang: Hversu stórt eða umfangsmikið svæði verður fyrir áhrifum af áætlun og hversu margir kunna að verða fyrir áhrifum. Er líklegt að áhrifa áætlunar gæti yfir sveitarfélagsmörk?

Líkur: Hverjar eru líkur á áhrifum og hversu varanleg yrðu þau? Eru áhrifin t.d. afturkræf eða óafturkræf, tímabundin eða varanleg?

Sammögnun áhrifa: Er líklegt að einstakir stefnuþættir skipulagsins geti valdið sammögnuðum áhrifum á umhverfið?

Áhætta: Kann áætlunin að auka áhættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið.

Áhrif umhverfismatsins eru metin út frá einkennum áhrifanna m.t.t. viðmiða sem skilgreind eru út frá stefnuskjölum og markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum, öðrum opinberum stefnuskjölum, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum. Jafnframt verður byggt á upplýsingum sem koma fram við kynningu og

samráð meðan á undirbúningi skipulagsins stendur.

Ef umhverfisáhrif eru talin verða verulega neikvæð verður kannað hvort unnt sé að draga úr áhrifum með mótvægisáðgerðum.

Þar sem óvissa er um áhrif verður gerð grein fyrir henni og hvort að hún sé háð útfærslu á stefnu aðalskipulagsins á síðari stigum, s.s. við gerð deiliskipulags eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, eða hvort gera þurfi vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfispátt.

5. SKIPULAGSFERLIÐ

5.1. Tímaáætlun

Undirbúningur

- Nóvember -mars 2021
- Fundir með sveitarstjórn og umhverfis- og skipulagsnefnd, vettvangsskoðun.
 - Markmiðasetning, áherslur og skilgreining á vinnu.
 - Uppsetning á kortagrunnum í samræmi við nýja skipulagsreglugerð og landnotkunarflokkun.

Áfangaskýrsla I Forsendur og meginmarkmið

- Desember 2021.
- Öflun og úrvinnsla grunnupplýsinga.
 - Skipulags- og matslýsing undirbúin og send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum.
 - Lýsing kynnt fyrir almenningi.
 - Umfang og áherslur umhverfismats.
 - Mótun framtíðarsýnar og meginmarkmiða, ásamt stefnumótun.

Áfangaskýrsla II Fyrstu drög að skipulagstillögu

- Janúar- febrúar
2022.
- Landgreining.
 - Endurskoðun á landnotkun fyrir þéttbýlið.
 - Framtíðar íbúðabyggð - skoðun valmöguleika
 - Endurskoðun á landnotkun í dreifbýli.
 - Samantekt, úrvinnsla gagna og tillögugerð.
 - Fyrstu drög að umhverfisskýrslu.
 - Nánari úrvinnsla og stefnumótun.

Áfangaskýrsla III Önnur drög að skipulagstillögu

- Janúar - apríl
2022.
- Landnotkunaruppdrættir og skýringarkort fyrir einstaka þætti skipulagsins.
 - Skipulagstillaga og umhverfisskýrsla kynnt og samþykkt í nefndum og sveitarstjórn.
 - Kynning fyrir íbúa, hagsmunaaðila og nágrannasveitarfélög.

Áfangaskýrsla IV Skipulagstillaga til athugunar hjá Skipulagsstofnun

- Máí -september
2022
- Frágangur og samþykkt skipulagstillögu og umhverfisskýrslu.
 - Frágangur vöktunaráætlunar.
 - Athugun Skipulagsstofnunar á skipulagstillögu.

Áfangaskýrsla V Skipulagstillaga til auglýsingar

- Október - ■ Frágangur á skipulagstillögu og umhverfisskýrslu til
nóvember 2022. ■ auglýsingar.
- Kynning fyrir íbúum áður en tillagan er auglýst.
 - Auglýsing á skipulagstillögu og umhverfisskýrslu (6 vikur).

Áfangaskýrsla VI Lokaafgreiðsla aðalskipulags

- Desember 2022 - ■ Umsagnir vegna athugasemda.
janúar 2023 ■ Frágangur á skipulagstillögu eftir auglýsingu.
- Afgreiðsla á skipulagstillögu til Skipulagsstofnunar.
 - Staðfesting Skipulagsstofnunar.

5.2. Samráð og kynning

Einn þáttur í vinnuferli við aðalskipulag er að kynna það á ýmsum stigum þar sem m.a. er leitað eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu og skipulagsmarkmiða.

Opnir samráðs- og kynningarfundir verða haldnir í Strandabyggð og auglýstir í staðarblaði og á heimasíðu sveitarfélagsins. Meginmarkmið slíkra funda er að virkja íbúa sveitarfélagsins til þátttöku í aðalskipulagsvinnunni og kalla fram skoðanir og hugmyndir þeirra á upphafsstigum skipulagsvinnunnar. Íbúum mun gefast fleiri tækifæri til að koma athugasemdum, hugmyndum, ábendingum og spurningum á framfæri.

Skipulags- og matslýsing þessi verður kynnt í samræmi við gr. 4.2.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Hún verður auglýst og kynnt á vef sveitarfélagsins. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að koma á framfæri ábendingum.

Drög að skipulagstillögu á vinnslustigi verða kynnt á vef sveitarfélagsins og á opnu húsi. Kynningin verður auglýst á vef

sveitarfélagsins og í dagblöðum. Fréttum af helstu áföngum vinnunnar verður jafnframt miðlað eftir því sem tilefni er til.

Umsagnar- og samráðsaðilar

Þessi verkefnislýsing verður send til umsagnar Skipulagsstofnunar og eftirtalinn aðila sem hafa annað hvort lögbundið hlutverk sem tengist gerð aðalskipulags eða að þeir hafa staðið að áætlunum sem hafa ein áhrif á aðalskipulagið eða það mun taka mið af. Lýsingin verður einnig send til nágrannasveitarfélaganna, Dalabyggðar, Reykhólahrepps, Súðavíkurrepps, Ísafjarðarbæjar, Árneshrepps og Kaldrananeshrepps. Sömu aðilar munu jafnframt fá tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi til kynningar og umsagnar, fyrir formlega auglýsingu í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Lýsingin verður jafnframt send til kynningar til ýmissa atvinnutengdra hagsmunasamtaka og félagasamtaka í sveitarfélaginu.

Haft verður samráð við aðila sem fara með málaflokka sem skipulagið nær til. Eftirfarandi aðilum verður sent bréf þar sem

óskað verður eftir samráði og ábendingum um mál sem snerta starfssvið þeirra:

- Umhverfisstofnun
- Dalabyggð
- Reykhólahreppur
- Súðavíkurreppur
- Ísafjarðarbær
- Árneshreppur
- Kaldrananeshreppur
- Innviðaráðuneytið
- Forsætisráðuneytið
- Fiskistofa
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Vegagerðin
- Veðurstofan
- Samgöngustofa
- Minjastofnun Íslands
- Ferðamálastofa
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrufræðistofa Vesturlands
- Landvernd
- Landgræðslan
- Skógræktin
- Kirkjugarðaráð
- RARIK
- Landsnet

6. HEIMILDASKRÁ

Alþingi Íslands. (2007). Vegalög nr. 80/2007. Sótt 12.03.2021 á: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2007080.html>

Alþingi Íslands. (2020). Þingályktun um samgönguáætlun fyrir 2020-2034 nr. 41/150. Sótt 12.03.2021 á: <https://www.althingi.is/altext/150/s/1944.html>

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða. Unnin af Markaðsstofu Vestfjarða fyrir Ferðamálastofu. 2018. https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/DMP/vestfiridir_rett.pdf

Byggðastofnun. (2020). Brothættar byggðir í Strandabyggð. Sótt 10.02.2021 af: <https://www.byggdastofnun.is/is/verkefni/brothaettar-byggdir/strandabyggd>

Framkvæmdaráætlun 2020-2025 vegna umhverfisstöðvottunar sveitarfélaganna á vestfjörðum samkvæmt staðli earthcheck.

Vestfjarðarstofa. (2019). Uppfærð stöðugreining Strandabyggðar 2019-Nokkrar lykilbreytur um íbúapróun og atvinnu í Strandabyggð.

Hagstofa Íslands. Mannfjöldataölur.

Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030. Njótum Hlunninda. Alta, 2018. https://docs.wixstatic.com/ugd/9b9425_87575cac3d714c9abaed5542e1aa03b1.pdf